

Krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna

Krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna er sjaldgæfur hópur illkynja æsla og er aðeins um 0,4% illkynja æsla hjá konum. Aldursstaðlað nýgengi þessara æsla á tímabilinu 2002-2006 hjá íslenskum konum var 0,9 af 100.000

konum. Meðalaldur sjúklunga við greiningu þessara æsla hér á landi er 65 ár. Krabbamein í ytri kynfærum kvenna er um 3% allra illkynja æsla í kynfærum kvenna en fyrir krabbamein í leggöngum er samsvarandi tala minna en 1 af hundraði. Aðgerð er helsta meðferð við þessum krabbameinum og geisla meðferð er oftast beitt til viðbótar einkum á krabbamein í leggöngum. Tilteknar veirur, svokallaðar HPV-veirur (human papilloma virus), eru taldar eiga þátt í myndun meirihluta þessara krabbameina.

Ytri kynfæri konunnar (vulva) eru gerð úr ytri og innri skapabörnum (labia majora og labia minora) ásamt sníp (clitoris). Milli ytri kynfæranna og leghálsins eru leggöngin (vagina).

Krabbamein í ytri kynfærum er almennt um þrisvar til fjórum sinnum algengara en krabbamein í leggöngum. Algengasta krabbamein í ytri kynfærum kvenna og leggöngum er flöguþekjukrabbamein (squamous cell carcinoma). Fleiri vefjagerðir illkynja æsla svo sem sortuæxli (malignant melanoma) geta einnig komið fyrir á þessum stöðum en eru mjög sjaldgæf. Krabbamein sem á upptök sín í leggöngunum er mun sjaldgæfara en meinvörp eða vöxtur æxlis niður í leggöng, sem annars á upptök sín utan legganga, oftast í leghálsi. Slík meinvörp eru oftast meðhöndluð á svipaðan hátt og æxli upprunnin í leggöngum. Krabbamein í ytri kynfærum greinist oftast meðal eldri kvenna (eldri en 65-70 ára), en þær konur sem fá krabbamein í leggöngin eru oftast á milli fertugs og sjötugs.

Orsakir og áhættuþættir

Orsakir krabbameins í leggöngum og ytri kynfærum kvenna eru ekki ljósar. Þó eru miklar líkur á að veirur eigi drjúgan þátt í myndun þeirra æsla sem fyrir koma á þessum stöðum. Þar er aðallega um að ræða HPV-veirur, en til eru margar tegundir þeirra veira og geta sumar þeirra orsakað kynfæravörtur (condyloma accuminata) á skapabörmunum og í leggöngunum, en þær ásamt öðrum gerðum veirunnar eru taldar geta valdið forstigsbreytingum og illkynja vexti. Eins og reyndin er með krabbamein í leghálsi geta þó líðið mörg ár frá sýkingu þar til að æxli myndast.

Landfræðilegur munur

Ekki er þekktur mikill landfræðilegur munur á nýgengi krabbameins í leggöngum og ytri kynfærum kvenna. Alþjóðlegur samanburður er erfiður þar sem þessi æxli eru svo fá. Ekki er sýnilegur mikill munur á nýgengi þessara æsla milli Norðurlandþjóðanna.


Einkenni

Algeng einkenni kvenna með krabbameinsmyndun á ytri kynfærum er ákafur kláði, sviði, roði, blæðingar og hnúður eða sár sem grær illa. Krabbameinið vex oft í kjölfar vissra húðbreytinga, t.d. harðra og hvítra bletta (svokallaðra leukoplakia). Ráðandi einkenni krabbameina í leggöngum eru blóðug útfærð eða allnokkur blæðing frá leggöngum. Einnig getur sársauki verið til staðar, t.d. í sambandi við þvaglát.


Greining

Við grun um krabbamein í leggöngum eða í ytri kynfærum er gerð kvensjúkdómarannsókn. Læknirinn tekur þá vefjasýni frá óeðlilegu svæði og þau eru síðan rannsökuð og greind í

Árlegt aldursstaðlað nýgengi



Árlegt aldursstöðluð dánartíðni



Krabbamein á Íslandi - Upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1957-2006*

smásjárskoðun. Stundum eru auk þess tekin svokölluð finnarsýni frá nálægum eitlum.

Meðferð

Meginmeðferð krabbameins í ytri kynfærum er skurðaðgerð. Þá er ætlið fjarlægt og skapabarmar ásamt nálægum eitlum. Stundum er geislameðferð beitt á svæðið fyrir og/eða eftir aðgerðina. Einnig getur geislameðferð verið eina úrræðið, t.d. ef konan er ekki talin þola aðgerð vegna annars sjúkdóms eða hás aldurs.

Krabbamein í leggöngum er oftast meðhöndlað með geislameðferð. Oftast er byrjað á að gefa innri geislun með innleggi sem sett er beint inn í leggöngin á æxlissvæði. Á þann hátt er hægt að gefa stærri geislaskammt á ætlið heldur en ef geisluninni er eingöngu beitt utan frá. Jafnframt er aðliggjandi heilbrigðum vef þyrmt eftir fremsta megni. Viðbótarmeðferð með ytri geislun er síðan oftast beitt á aðliggjandi eitlastöðvar.


Horfur

Horfur sjúklinga með krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna eru á heildina litið fremur góðar. Krabbamein í ytri kynfærum hefur oftast talsvert betri horfur en krabbamein í leggöngum. Sjúklingar með illkynja ætli sem eru innan við tveir sentimetrar að stærð við greiningu lifa í um 70-80% tilvika í fimm ár eða meira.

Yfirlit (2002-2006)

	Karlar	Konur
Meðalfjöldi tilfella á ári		2
Hlutfall af öllum meinum		0,4%
Meðalaldur við greiningu		65 ár
Fjöldi á lífi 31.12.2006		36

Aldursbundið nýgengi



Fimm ára hlutfallsleg lifun

